

eða sýnt að hann væri ástæðulaus, og verður því eftir málavöxtum eigi kveðið upp neitt álit um það, hvort stefnandi sé saklaus af þeim glæp, er tilefni gaf til þess að hann var sviftur frelsi. Skaðabótakrafa hans verður því eigi tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, með því að eigi hefir verið mætt af hálfu stefnda.

Flutningur málsins af hendi hins skipaða málaflutningsmanns stefnanda hefir verið lögmætur, og ákveðst honum 20 kr. í málflytningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristjáns Kristjánssonar, í þessu máli. Málskostnaður falli niður. Skipuðum málflytningsmanni stefnanda, Guðmundi Ólafssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist málflytningslaun 20 kr. úr landssjóði.

Mánudaginn 10. apríl 1917.

Nr. 54/1915

Guðmundur Ísleifsson
gegn
Einari Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi Einar Jónsson járnsmiður á Eyrarbakka gegn áfrýjanda Guðmundi Ísleifssyni útvegsbónda sama staðar, fyrir aukarétti Árnæssýslu, út af ærumeiðandi áburði, sem var í því fólgin, að hann í votta viðurvist hinn 16. febr. f. á. bar það á stefnda, að hann væri valdur að bruna Ingólfsverzlunarhússins á Háeyri, 15. desember 1914, og var það dæmt í aukaréttinum 24. júlí f. á. á þá leið, að áfrýjanda var gert að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara að sæta 35 daga einföldu fangelsi og greiða stefnda 30 kr. í málskostnað, en hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. ág. f. á. og krafðist þess, að hinum áfrýjanda dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir aftur á móti gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 21. sept. f. á., og krafist þess, að hin idæmda hegning verði þyngd eftir því sem lög frekast leyfa, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér alt að 5000 kr. í skaðabætur fyrir hnekki þann í álit og atvinnu, er hann hafi beðið af áburði þessum og sér dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, en til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hin átöldu ummæli, sem áfrýjandi hefir ekki

getað réttlætt á neinn hátt, eru mjög meiðandi fyrir stefnda og saknæm eftir 217. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, er áfrýjandi hefir til unnið, með tilliti til þess að stefndi var slökkviliðsstjóri á Eyrarbakka, hæfilega metin af undirdómaranum 150 kr. sekt, eða til vara 35 daga einfalt fangelsi. Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda á hendur áfrýjanda, þá hefir hún eigi verið lögð til sáttu, og verður fyrir því að vísa henni frá aukaréttinum.

Þar sem ákvæði héraðsdómsins um ómerking hinna átöldu ummæla og um málskostnað samþykkjast, ber að staðfesta hann með áminstri breytingu.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda að greiða áfrýjanda með 40 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Skaðabótakröfu stefnda visast frá aukaréttinum, en að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Áfrýjandi, Guðmundur Ísleifsson, greiði stefnda, Einari Jónssyni, málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.